



## Borgarráð

Óskað er eftir að borgarráð samþykki eftirfarandi breytingar á styrkjahandbók vegna innleiðingar á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð til að fylgja betur eftir þeirri breytingu á styrkjareglum sem samþykkt var í borgarráði 26. maí 2016:

1. Við mat á umsóknum, sbr. grein 4.1 í styrkjahandbók, er bætt við lið g þar sem gerð er kvöð um skýra tengingu við mannréttindastefnuna:

Því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

2. Í greinum 4.3, 5.4, 6.5 og 7.4 er gerð skýrari kvöð um kyngreindar upplýsingar og upplýsingar um áhrifin á stöðu jaðarsettra hópa, sjá breytingar merktar með rauðu lettri hér að neðan:

Grein 4.3:

Kyngreindar upplýsingar um styrkþega, samstarfsaðila og þjónustusala skulu vera aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar sem og afrakstur þeirrar vinnu sem verður til sé þess nokkur kostur. Sérstaklega ber að greina frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur.

Grein 5.4:

Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar vegna styrkja borgarráðs eða hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um. Upplýsingarnar verði kyngreindar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks. sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Eyðublað um greinargerðar ráðstöfun styrkfjár má finna á slóðinni:

Grein 6.5:

Samstarfsaðili skal skila skrifstofu fagsviðs og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um framkvæmd samningsins og ráðstöfun framlaga Reykjavíkurborgar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um. Upplýsingarnar verði kyngreindar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks. sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

1 mgr. greinar 7.4

Þjónustuaðilar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig framlagi hefur verið varið. Upplýsingarnar verði kyngreindar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks. sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

3. Í 3. mgr. greinar 6.5.1 er bætt við kröfu um jafnréttismarkmið:

Íþróttafélög skulu fyrir 1. október ár hvert leggja fram áætlun fyrir ÍTR og ÍBR um helstu verkefni og áherslur á samningstímabilinu. Í áætlun skulu koma fram jafnréttismarkmið og markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim. Grein skal gerð fyrir því hvernig standa á að mati á árangri.



*Samvinna skal vera milli félagsins og ÍTR/ÍBR vegna þessara áætlunar. Í framhaldi af því skal ÍTR taka afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem þar koma fram.*

## Greinargerð

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. maí sl eftirfarandi breytingu á styrkjareglum.

„Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

Í skýrslu fjármálaskrifstofu um framkvæmd styrkjareglna á árinu 2016 sem lögð var fram í borgarráði 3. apríl sl. kemur með skýrum hætti fram að breytingar sem gerðar voru á styrkjareglum 26. maí 2016 hafa almennt ekki komið til framkvæmda nema hjá Íþrótt- og tómsfundasviði. Velferðarsvið, menningar- og ferðamálasvið, umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofa borgarstjórnar vinna nú að endurskoðun á verklagsreglum þar sem skilgreint er verklag og ábyrgð hvað kyngreind gögn varðar. Ekki liggur fyrir hvort búið sé að uppfæra verklagsreglur á skóla- og frístundasviði í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs.

Kerfisbundin söfnun á kyngreindum gögnum er forsenda þess að unnt sé að taka upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir í anda kynjaðrar fjármálastjórnunar. Í þeim tilgangi að fylgja eftir innleiðingu á umræddum breytingum á reglunum er hér gerð tillaga um breytingar á styrkjahandbókinni í heild sinni.

Tillagan er einnig gerð til að njörva betur saman fjármálastjórnina við mannréttindastefnu borgarinnar og markmiðin um jafnréttismíðaða útdelingu fjármuna.

Með breytingunum eru gerðar skýrar kröfur um innleiðingu nýrra ákvæði í verklagsreglur sviðanna um styrkveitingar þannig að tryggt verði að þeir sem sækja um styrki eða njóta styrkja eða eru í samningssambandi við borgina í samstarfs- eða þjónustusamningum fari að þessum ákvæðum. Það þýðir m.a. að upplýsingar um þetta þurfa að komast til skila til umsækjenda og styrkþega s.s. gegnum auglýsingar, tilkynningar, umsóknareyðublöð, og framgangur þessa þarf að koma fram í framvindu- og lokaskýrslum. Sviðin verða að kalla eftir umræddum gögnum og hafa eftirlit með að hlutaðeigandi styrkþegar og samningsaðilar fylgi reglum. Ætlast er til að kyngreind gögn séu hýst í samræmi við fyrirkomulag sem Starfshópur um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála ákveður.

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hefur fjallað um þessar breytingatillögu og styður hana.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri